



Hér eru þau Katrín og Jón með Reyni Arngrímssyni, háverandi formanni Læknafélagsins. Mynd/Dögg Pálsdóttir

Mínerva í almenna notkun fyrir sumarið



Hrönn Pétursdóttir er verkefnastjóri hjá Læknafélaginu.

„Við erum að leggja lokahönd á að tengja Mínervu við félagatal LÍ. Í kjölfarið prufukeyrir hópur lækna kerfið. Það verður væntanlega öðru hvoru megin við jólin,“ segir Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri hjá Læknafélaginu en símenntunarhópur

LÍ leggur línurnar um Mínervu. „Fyrir sumarið stefnum við á að kerfið verði komið í almenna notkun.“ Mínerva mun halda rafrænt utan um upplýsingar um símenntun lækna.

Hrönn leggur áherslu á að Mínerva verði aðeins fyrir þá lækna sem vilji nota hana. „Við vonumst þó til að sem flestir kjósi það, því mikilvægi þess að halda utan um þekkingu sína vegur stöðugt þyngra.“ Hún bendir læknum á að þeir eigi samkvæmt kjarasamningum rík réttindi til símenntunar.

„Haldi læknar utan um símenntun sína verður auðveldara að berjast fyrir því að þeim sé skapað rými í vinnu til að stunda hana.“

Jón og Katrín heiðruð

Læknarnir Jón Snædal og Katrín Fjeldsted voru heiðruð fyrir þátttöku sína í erlendu samstarfi fyrir hönd Læknafélags Íslands á aðalfundinum sem var haldinn á Hótel Natura dagana 29. og 30. október. Katrín hefur frá síðustu aldamótum verið fulltrúi LÍ hjá Evrópusamtökum lækna

(CPME). Hún var fyrsta konan til að gegna embætti forseta samtakanna. Jón hefur frá svipuðum tíma verið fulltrúi Íslands í störfum Alþjóðasamtaka lækna, WMA. Hann var um skeið forseti þeirra. Bæði eru heiðursfélagar í LÍ, Jón frá 2008 og Katrín frá 2018.

Oddur Steinarsson leiðir Læknafélagið

– Reynir Arngrímsson kveður eftir fjögur ár sem formaður

„Ég bjóst ekki við að taka við formennsku Læknafélagsins þegar ég tók sæti í stjórninni en mun leiða starfið þar til kosningu nýs formanns er lokið,“ segir Oddur Steinarsson, heimilislæknir og framkvæmdastjóri Heilsugæslunnar í Lágmúla. Hann er fyrrum framkvæmdastjóri lækninga Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Oddur kom inn í stjórn LÍ sem fulltrúi FÍH í október og var þá kosinn varaformaður.

Oddur segir mikilvægt að bregðast hratt við og ganga sem fyrst til kosninga um nýjan formann. „Framundan eru aðkallandi verkefni. Alvarlegt ástand sem þarf að bregðast við alls staðar í heilbrigðiskerfinu.“ Stefnir er á að kosningu formanns verði lokið í janúar.

Reynir Arngrímsson, formaður síð-

ustu fjögur ár, er meðal umsækjenda um stöðu forstjóra Landspítala og sagði í kveðjubréfi sínu til félagsmanna LÍ hafa sannfærst um að ómögulegt sé að vera í slíku umsóknar- og matsferli samhliða því að gegna þessu trúnaðarstarfi fyrir lækna: „Nokkuð ljóst er að matsferlið sem nú fer í gang mun geta tekið alllangan tíma þó erfitt sé um það að spá. Þess vegna hef ég ákveðið á þessum tímamótum að stíga til hliðar sem formaður LÍ.“ Reynir þakkaði bæði stjórn, félagsmönnum og starfsmönnum fyrir ánægjulegt og gott samstarf og traustið sem honum hefði verið sýnt með því að kjósa hann í þriggja til að gegna formennsku félagsins.

„Ég lít hreykinn um öxl hvað varðar þau mál sem hafa klárast eða verið sett



Oddur Steinarsson tekur við keflinu af Reyni Arngrímssyni og verður formaður Læknafélags Íslands en kosið verður um nýjan formann fljótlega.

á dagskrá á þeim tíma sem ég hef gegnt formennsku í LÍ. Í þeim áfangasigurum eiga fleiri en ég þátt, stjórnin og félagsmenn allir,“ segir hann í bréfinu. Hann sé þess fullviss að næsti kjörni formaður vinni ásamt stjórn að framgangi þeirra verkefna sem ekki sé enn að fullu lokið.

Læknar endurskoða Codex

„Siðareglur lækna eru nú efnismeiri en þó jafnlangar,“ segir Svanur Sigurbjörnsson, formaður siðfræðiráðs LÍ

■■■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir



Tveggja ára vinna siðfræðiráðs Læknafélags Íslands við endurskoðun siðareglna lækna (Codex Ethicus) var samþykkt með miklum meirihluta á aðalfundi Læknafélagsins nú í októberlok. Þær verða birtar í janúarblaði *Læknablaðsins* 2022.

„Laga þurfti ótrúlega margt,“ segir formaður siðfræðiráðs félagsins. Til að mynda hafi verið farið yfir alþjóðasíðareglur lækna; Genfar- og Helsinki-yfirlýsingu Alþjóðafélags lækna (WMA), Lissabon-sáttmálann og sérstakar yfirlýsingar frá Alþjóðafélaginu sem bornar voru saman við íslensku reglurnar.

„Það var nær ekkert sem vantaði út frá þeim hlutum,“ segir Svanur. „Hins vegar vantaði bæði í megin alþjóðasíðareglur WMA og okkar ákvæði um hlutverk lækna að líkna, skyldu upplýsingagjafar og hið þekkt ákvæði mannhelgi um að læknar umfram allt skaði ekki. Þetta stóð hvergi í megin síðareglum.“ Þá hafi áminning lækna til annarra heilbrigðisstétta um þægmælsku verið tekin út en viðbætur vegna persónuverndar og varkarni í notkun samfélagsmiðla sett inn.

Horfðu til máttarstólpa

Svanur segir margt það nýja liggja í augum uppi en þurfi þó að standa í síðareglum. „Þess vegna fórum við mjög ígrundað yfir meginreglurnar. Þær eiga að tryggja að þau fjögur meginviðmið sem hafa verið almennt viðurkennd í samfélögum lækna síðustu 50 árin; velgjörð, mannhelgi, sjálfræði og óhlutdrægni. Þessi fjögur atriði hafa þótt máttarstólparnir í grundvallargildismatinu.“

Svanur segir nýju útgáfuna einnig lýsa siðferðilegum tíðaranda. „Við tökum út karllæg orð eins og bræðralag og setjum

inn að forðast skuli áreitni og kynbundið ofbeldi. Hegningarlög taka á því en þó er rík ástæða til að leggja áherslu á það í ljósi baráttunnar í samfélaginu.“

Svanur hefur leitt þessa gagngeru endurskoðun á reglunum. Vinnan hófst í ársbyrjun 2018 og lauk vorið 2020. „Sjónarhorninu hefur verið breytt þannig að Læknafélagið setur ekki lengur félagsmönnum reglurnar heldur gangast lækarnir sjálfir undir þær og tengsl þeirra við læknaeiðinn eru styrkt.“

Svanur bendir á að eina lagalega skylda siðfræðiráðsins sé reglubundin endurskoðun á síðareglunum. „Ég vissi af þessu þegar ég tók við formennsku í siðfræðiráði 2015 og fór að skoða reglurnar. Þær voru að meginhluta frá árinu 2005 þegar síðasta heildarendurskoðunin var gerð út frá reglunum 1992. Þá urðu einnig lítilsháttar breytingar 2013.“

Nýtti siðfræðinám

Svanur segir að meistaranám hans í hagnýtri siðfræði við HÍ hafi nýst sem grundvöllur breytinganna. „Ég var í áfanga um siðfræði fagstétta og skrifaði ritgerð þar sem ég kannaði hvort nægilegar og nauðsynlegar ástæður væru til að breyta Codex Ethicus. Það kom ýmislegt í ljós. Kennaranum fannst niðurstaðan vel ígrunduð og ég lagði hana fram sem upphafsreit við þessa endurskoðun,“ segir Svanur.

Fjöldi lækna hefur unnið að endurskoðuninni. Níu meðlimir siðfræðiráðs og 10 álitgjafar. Auk Svans hafa þau Áslaug Heiða Pálsdóttir, Gunnar Thorarensen, María Soffía Gottfredsdóttir, Ólafur Árni Sveinsson, Þórunn Jóhanna Júlíusdóttir og Björn Hjálmarsson, frá byrjun 2020, setið í

Svanur Sigurbjörnsson nýtti þekkingu sína úr siðfræði fagstétta í hagnýtri siðfræði við HÍ við endurskoðunina. „Ég kannaði hvort nægilegar og nauðsynlegar ástæður væru til að breyta Codex Ethicus.“ Myndlag

Sérstakir álitgjafar siðfræðiráðs LÍ

- Jón Snædal læknir, fyrrverandi formaður siðfræðiráðs LÍ. Fulltrúi LÍ hjá WMA
- Sigurður Guðmundsson læknir, prófessor emeritus, fyrrv. landlæknir
- Ástríður Stefánsdóttir læknir, BA og MA í heimspeki
- Björn Einarsson læknir, BA í heimspeki
- Guðmundur Þorgeirsson læknir, prófessor
- María Sigurjónsdóttir læknir, BA í heimspeki
- Stefán Hjörleifsson læknir, prófessor, BA í heimspeki
- Villhjálmur Árnason, heimspekingur, prófessor

Álitgjafar frá opna umsagnarferlinu

- Halldóra Ólafsdóttir, læknir
- Arnar Hauksson, læknir

ráðinu og þær Rún Halldórsdóttir, sem sat í rúm tíu ár og Þórhildur Kristinsdóttir á árunum, sem var í tvö ár, til ársins 2019.

„Já, ég er mjög ánægður með verkið og ánægður með þau öll sem tóku þátt. Þetta var afskaplega gefandi ferli. Frjóar og góðar umræður, málefnalegar og gagnlegar.“